

Fundargerð 21. fundar í Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar, 2. apríl kl. 14:00 á skrifstofu Nýsis, Reykjavíkurvegi 74, Hafnarfirði.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinnsson, stjórnarmaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerð síðasta fundar var borin upp og hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar.

Stjórn Próunarfélags Keflavíkurflugvallar (ÞK) fagnar niðurstöðu stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar á starfsemi ÞK, enda telur Ríkisendurskoðun í öllum tilfellum ljóst að ÞK hafi staðið eðlilega að sölu eigna á Keflavíkurflugvelli.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir að ÞK hafi haft fullt umboð til sölu og umsýslu eigna íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli, án aðkomu Ríkiskaupa. Próunarfélaginu bar því ekki skylda til þess að bjóða eignirnar út.

Ríkisendurskoðun telur að hagsmuna ríkisins hafi verið gætt við sölu eigna á svæðinu. Hæstu tilboðum var nánast undantekningarlaust tekið. Í þeim tilvikum sem hæsta tilboði var ekki tekið var það gert með heildarhagsmuni svæðisins að leiðarljósi.

Próunarfélagið telur að hagsmunum ríkisins hafi verið gætt með samningum um breytingar á raflögnum á svæðinu. Kaupendur fasteigna á Keflavíkurflugvelli yfirtóku eignirnar í því ástandi sem þær voru við undirritun kaupsamnings. Veittur var eðlilegur afsláttur af kaupverði vegna lögbundinna skuldbindinga vegna raflagna.

Stjórn ÞK undirstrikar að hún óskaði eftir því að Kjartan Þ.

Eiríksson, framkvæmdastjóri félagsins, fengi sæti í stjórn Keilis.

Það var gert til þess að tryggja hagsmuni ÞK með tilliti til eignarhluta þess í Keili og vegna hlutverks Keilis við þróun og uppbyggingu svæðisins.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við umboð sem stjórn ÞK gaf framkvæmdastjóra félagsins. Þetta telur stjórn Próunarfélagsins á misskilningi byggt. Í umboði stjórnarinnar til framkvæmdastjórans felst heimild til þess að ganga skriflega frá samningum sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Að auki felst í umboðinu heimild til að ganga frá skipulagsskjölum eigna á umráðasvæði félagsins. Í umboðinu er á engan hátt verið að framselja framkvæmdastjóra félagsins vald stjórnar, enda er samþykki stjórnar félagsins til grundvallar öllum viðskiptum félagsins.

Stjórn Próunarfélagsins stendur á bak við allar ákvarðanir félagsins og Kjartan nýtur fulls trausts stjórnar ÞK, enda hefur hann unnið verk sitt af áberandi dugnaði og mikilli samviskusemi.

Þegar ÞK tók til starfa fyrir einu og hálfu ári var verðmæti eigna ríkisins á Keflavíkurflugvelli metið á 4 til 5 milljarða króna, samkvæmt samningi ríkisins við bandarísk stjórnvöld. Nú eru það metið á þriðja tug milljarða króna vegna vel heppnaðar stefnumörkunar Próunarfélagsins. Búið er að selja um 70% fasteignanna.

Á svæðinu búa nú um 1200 Íslendingar. Fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli iðar nú af lífi og fjöldi fyrirtækja, þar með talið öflugt netþjónabú, óskar eftir því starfa á svæðinu.

3. Sala eigna

Tekið var fyrir tilboð frá RI – Ráðgjöf í byggingu 941. Stjórnin fól framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að ræða við aðila og gera gagntilboð.

Erfiðleikar á fjármálamörkuðum hafa gert það að verkum að dregið hefur úr eftirspurn eftir húsnæði á vegum ÞK. Aðstæður hafa einnig gert það að verkum að t.a.m. Atlandic Film Studios (AFS) hefur þurft að leita nýrra leiða við fjármögnun síns verkefnis og munu þau mál skýrast á næstu vikum.

4. Samningur um veitukerfi

Viðræður við Hitaveitu Suðurnesja (HS) um kaup á veitum hafa staðið yfir og munu fulltrúar HS væntanlega mæta á næsta fund stjórnar ÞK til að fara yfir þau mál. Framkvæmdastjóri mun þangað til halda áfram viðræðum við HS.

5. Ráðning verkefnisstjóra

ÞK auglýsti fyrir nokkru stöðu verkefnisstjóra við félagið. Um það

bil 90 aðilar sóttu um stöðuna. Ráðningarferlið er í höndum Capacent - Ráðninga.

6. Hlutfjáraðild að Ípróttavöllum ehf.

Þann 7. nóvember s.l. var stofnað félag um rekstur ípróttamannvirkja á starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Fékk félagið nafnið Ípróttavellir ehf.

Í ljósi þess hversu fémennt samfélagið á starfssvæði Þróunarfélagsins er þá var það álit Þróunarfélagsins að hagsmunum Ríkissjóðs væri best borgið með því að félagið yrði stofnfélagi í Ípróttavöllum ehf. Með afskiptum sínum af rekstri ípróttamannvirkja á svæðinu er það markmið Þróunarfélagsins að stuðla að frekari uppbyggingu á því sviði á svæðinu og stuðla að samvinnu hagsmunaaðila á svæðinu til hagsbóta fyrir samfélagið í kring.

Stjórn samþykkir aðild Þróunarfélagsins að Ípróttavöllum ehf. og framlagningu hlutfjár að nafnverði kr. 7.000.000.

Skipting hlutfjár Ípróttavalla ehf. er því svo sem hér segir: Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar kr. 7.000.000, Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs kr. 7.000.000 og Reykjanesbær kr. 7.000.000. Heildarhlutafé Ípróttavalla ehf. er kr. 21.000.000.

7. Frumkvöðlasetur.

Tekið var fyrir erindi frá Keili og Nýsköpunarmiðstöð um uppbyggingu á frumkvöðlasetri í byggingu 506. Stjórn ÞK telur mikilvægt að fá slíka starfsemi inn á svæðið. Miklir möguleikar geta falist í að tvinnna saman háskólanám og aðstöðu fyrir frumkvöðla.

Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni var falið að ræða við fulltrúa Keilis og Nýsköpunarmiðstöðvar um máli.

8. Önnur mál.

Farið var yfir stöðu rannsókna á umfangi mengunar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að farið verði í útboð á fyrstu áföngum innan skamms tíma.

Fleira var ekki gert og fundi slitið